

kaupin, enda sé málssókn til þess hafin innan 6 mánaða, frá því að hann fékk viteskju um misfelluna. Samkvæmt gögnum málsins, þar á meðal skýrslum stefnanda, eiginmanns hennar, vitnanna Bergs Tómassonar og Vagns E. Jónssonar, verður að telja ljóst, að stefnandi hafi fengið upplýsingar um það, að umrædd íbúð hafði verið seld, löngu áður en stefnandi hófst handa um málssókn þessa. Með vísan til þessa og með tilliti til málavaxta að öðru leyti þá verður að telja, að stefnandi hafi verið búinn með aðgerðarleysi sínu að fyrirgera ætluðum forkaupsrétti sínum, þegar hún hófst handa um höfðun þessa máls. Í því sambandi þykir ekki skipta máli, þótt stefnandi hafi ekki fengið vitneskju um söluskilmálana við umrædda sölu fyrr en síðar né að afsal hefur ekki enn verið gefið út. Verður sýknukrafa stefndu því tekin til greina þegar af þessari ástæðu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Ingvar N. Pálsson og Guðmundur Ólafsson, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Hallfríðar Bjarnadóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 3. desember 1969.

Nr. 181/1968. **Dánarbú Þórarins Ólafssonar**

(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)

gegn

Hauki Sævaldssyni

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson og Einar Arnalds og prófessorarnir Gaukur Jörundsson og Magnús P. Torfason.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. október 1968. Hann gerir þær dómkröfur, að

stefnda verði dæmt að greiða kr. 15.799.00 með 6% ársvöxtum frá 1. október 1963 til 12. júní 1965 og með 1% vöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu krefur áfrýjandi stefnda um eftirstöðvar skuldar fyrir 23 glugga, sem Þórarinn Ólafsson smíðaði fyrir stefnda haustið 1963, en Þórarinn lézt hinn 27. nóvember 1967. Stefndi hefur viðurkennt þessi viðskipti. Reisir hann sýknukröfu sína á því, að Þórarinn heitinn hafi tekið tvo glugganna til baka, en eftirstöðvar skuldarinnar hafi verið að fullu greiddar samkvæmt samningi þeirra með verkfræðistörfum stefnda í þágu Þórarins heitins. Af hálfu áfrýjanda hefur slík greiðsla, að fjárhæð kr. 5.000.00, verið viðurkennd. Söluverð glugganna, vinna, efni, söluskattur og fleira, var kr. 20.799.00 samkvæmt reikningi, dagsettum 6. september 1963.

Gegn mótmælum áfrýjanda er ósannað, að kaupin hafi gengið til baka um gluggana tvo, og einnig brestur stefnda sönnur fyrir því, að hann hafi látið Þórarni heitnum í té gagnjald umfram greindar kr. 5.000.00.

Í annan stað ber stefndi fyrir sig, að krafan hafi verið fallin niður fyrir fyrningu, þegar héraðsstefna var birt hinn 6. marz 1968.

Kröfu þessa verður að telja til verzlunarskulda. Fyrningarfrestur hennar hófst því 1. janúar 1964, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 14/1905. Fullt ár var ekki eftir af fyrningartímanum, þegar Þórarinn Ólafsson lézt. Lengdist fyrningarfresturinn því um eitt ár frá þeim tíma, sbr. 9. gr. sömu laga.

Samkvæmt þessu ber að taka kröfu áfrýjanda til greina, þó svo, að upphafstími vaxta ákveðst 6. marz 1968 og ársvextir 7%. Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 14.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Haukur Sævaldsson, greiði áfrýjanda, dánarbúi Þórarins Ólafssonar, kr. 15.799.00 með 7% ársvöxtum frá 6. marz 1968 til greiðsludags og kr. 14.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. september 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. september 1968, hefur stefnandi, dánarbúi Þórarins Ólafssonar, Keflavík, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 6. marz 1968 og birtri sama dag, á hendur Hauki Sævaldssyni, Goðheimum 12, Reykjavík, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 20.799.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. október 1963 til 12. júní 1965 og með 1% vöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði lögmaður stefnanda kröfu sína niður í kr. 15.799.00 og gerði sömu vaxtakröfu og áður. Kröfur stefnda voru óbreyttar.

Stefnandi kveður mál þetta vera höfðað til innheimtu á skuld fyrir 23 stk. glugga og fleira, er stefnandi smíðaði fyrir stefnda í september 1963, sbr. reikning á dskj. nr. 3. Með kröfubréfi, dags. 25. janúar 1968 krafði hann stefnda um skuld þessa. Í svarbréfi stefnda, dags. 12. febrúar 1968, kveður hann málavexti vera þá, að til skuldar þessarar hafi verið stofnað á miðju ári 1963 vegna gluggasmíði.

Milli sín og Þórarins sáluga hafi samizt svo um, að þeir skyldu hafa verkaskipti, þannig að hann aðstoðaði Þórarin, þegar hann þyrfti á hjálp verkfræðings að halda. Þeir hafi svo oft rætt um ýmis verkefni, er Þórarinn hafði til úrlausnar, en ekki minnst hann þó að hafa gert neinar teikningar fyrir hann. Þó minni sig, að hann hafi breytt fyrir hann teikningu af hitalögn fyrir húsið Tjarnargötu 3 í Keflavík. Aldrei hafi verið um neina reikninga að ræða í þessu sambandi og aldrei hafi Þórarinn krafði sig um þessa skuld. Hann telji sig því ekki skulda þá fjárupphæð, sem hann sé krafinn um.

Í bréfi til lögmanns stefnanda, dags. 27. marz 1968, kveðst

stefndi senda honum reikninga vegna verkfræðiaðstoðar o. fl. í sambandi við kröfu hans vegna dánarbús Þórarins Ólafssonar. Kveður stefndi reikninga þessa algerlega vera útbúna eftir minni til þess að mæta reikningum stefnanda. Í bréfinu ítrekar hann, að Þórarinn heitinn hafi talið, að um jafna reikninga væri að ræða, þar eð aldrei hefði verið gerð nein innheimtutilraun af hans hálfu.

Lögmenn aðilja eru sammála um, að upphaflega stefnukrafan, kr. 20.799.00, sé tölulega rétt. Við munnlegan málflutning viðurkenndi lögmaður stefnanda reikning stefnda fyrir verkfræðiaðstoð við Tjarnargötu 3 í Keflavík, kr. 5.000.00, og lækkaði kröfu sína um þá upphæð.

Stefnandi reisir kröfu sína á því, að hér sé um verzlunar-skuld að ræða og sé kröfuupphæðin óumdeild. Þegar stefndi bar það fyrir sig, að hann hefði á sínum tíma veitt Þórarni heitnum verkfræðiaðstoð, hafi hann óskað eftir, að stefndi legði fram sundurliðaða reikninga yfir þau störf, sem hann hefði unnið fyrir Þórarin heitinn, svo að hægt væri að taka afstöðu til þeirra. Þetta hafi gengið treglega, en þó hafi stefndi að lokum látið sig fá reikninga þá, sem lagðir hafa verið fram á dskj. nr. 9 og 10. Þessa reikninga hafi stefndi afhent sér, en ekki lögmanni sínum.

Lögmaður stefnanda kveðst svo hafa borið reikningana undir þá, sem gleggst kunnu skil á viðskiptum Þórarins og stefnda, og hafi þeir ekki kannast við neitt samkomulag þeirra í milli, svo sem stefndi heldur fram. Það sé því algerlega ósannað, að stefndi hafi unnið þau störf, sem reikningarnir greina, að undanskildri verkfræðiaðstoð við Tjarnargötu 3 í Keflavík, sem áður greinir. Þá mótmælir hann þeirri staðhæfingu stefnda, að hann hafi skilað aftur gluggum, svo sem greinir á dskj. nr. 10.

Enn fremur mótmælir stefnandi þeirri málsástæðu stefnda, að krafan sé fyrnd. Hann rökstyður þau mótmæli á eftirfarandi hátt: Krafa stefnanda á hendur stefnda varð til í september 1963. Ef ekkert frekara hefði til komið, væri hún fyrnd. En viðskipti þeirra héldu áfram, og samkvæmt reglum fyrningarlaganna hefist fyrningarfræstur ekki fyrr en viðskiptin hætta. Á dskj. nr. 9, sem er undirritað af stefnda, kveðst hann hafa unnið verkfræðistörf fyrir stefnanda á árinu 1964. Fyrningarfræstur hefjist því ekki fyrr en 31. desember 1964 og sé skuldin af þeim sökum ekki fyrnd. Þessi varnarástæða stefnda fái því ekki staðizt.

Stefndi reisir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á þeim rökum, að hin umstefnda skuld sé að fullu greidd með verkfræðiaðstoð,

sem hann hafi látið Þórarni heitnum í té samkvæmt samkomulagi þeirra í milli. Í samræmi við það samkomulag hafi Þórarinn komið með ýmis verkefni, sem hann hafi leyst, án þess að gera honum sérstakan reikning fyrir hverju sinni. Þórarinn lézt hinn 27. nóvember 1967. Hann krafði stefnda aldrei um skuldina og sé því ljóst, að hann hafi litið svo á, að hún væri að fullu greidd með verkfræðiaðstoð þeirri, sem hann hefði látið honum í té.

Í öðru lagi sé skuldin þegar fyrnd og beri af þeirri ástæðu að sýkna hann af stefnukröfunni. Við munnlegan málflutning upplýsti lögmaður stefnda, að eftir að stefnda hafði borizt kröfu-bréf frá stefnanda, hafi hann rætt við lögmann stefnanda og skýrt honum frá málavöxtum. Lögmaðurinn hafi þá óskað eftir, að hann legði fram sundurliðaða reikninga yfir störf sín fyrir stefnanda. Stefndi tjáði þá lögmanninum, að hann gæti ekki sundurliðað þessa reikninga nákvæmlega, þar sem hann myndi ekki, hvenær Þórarinn heitinn hefði komið með hvert verk til úrlausnar. Hann hafi þó fallizt á að setja upp slíka reikninga án þess þó að bera fyrir sig skuldajöfnun. Stefndi bendir á, að reikningur stefnanda sé dags. 6. september 1963 og fyrningarfrestur hafi því runnið út 6. september 1967. Sé litið á viðskipti aðilja sem verzlunarskuld, hafi fyrningarfrestur runnið út 31. desember 1967. Hvernig svo sem á það sé litið, hafi fyrningarfrestur verið runninn út, er stefnandi krafði stefnda um skuldina.

Þá hefur stefndi algerlega mótmælt þeirri skoðun stefnanda, að fyrningarfrestur byrji ekki að líða fyrr en 31. desember 1964 sökum verkfræðiaðstoðar þeirrar, sem um getur á dskj. nr. 9. Hann hefur lagt sérstaka áherzlu á, að hann muni ekki með neinni vissu, hvort sú vinna var unnin á árinu 1963 eða 1964.

Eins og málsatvikum hefur verið lýst hér að framan, er umdeilt í málinu, hvort krafa stefnanda var fyrnd, er hann krafði stefnda um greiðslu með málssókn þessari. Kemur því hér til úrlausnar, hvort stefndi hafi viðurkennt greiðsluskýldu sína með reikningum þeim, sem lagðir hafa verið fram sem dskj. nr. 9 og 10. Stefndi hefur stöðugt haldið því fram, að skuld sín við stefnanda hafi verið greidd með verkfræðiaðstoð þeirri, er hann veitti Þórarni heitnum og lýst hefur verið hér að framan. Aðgerðarleysi Þórarins gagnvart innheimtu skuldarinnar styður þá staðhæfingu stefnda.

Þótt stefndi hafi sett fram áðurgreinda reikninga að ósk lögmanns stefnanda, hefur hann jafnframt tekið fram, að hann muni ekki með neinni vissu, hvenær verk þau, er þar um ræðir, voru

unnin og ekki gert neina skuldajöfnunarkröfu. Verður því ekki litið svo á, að í framlagningu áðurgreindra reikninga felist viðurkenning á skuldinni eða neitt, sem máli skiptir um fyrningu kröfunnar. Ber þegar af þessum ástæðum að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Kristján Jónsson bogardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Haukur Sævaldsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 3. desember 1969.

Nr. 101/1969. **Kristján Eiríksson** (sjálfur)

gegn

Árna Guðjónssyni

(Jón L. Arnalds hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fjárnám úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu var upphaflega áfrýjað með stefnu 7. janúar 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. janúar 1969, en útvistar-
dómur gekk í því máli 2. maí s.l. Samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 57/1962 hefur áfrýjandi skotið máli þessu af nýju til Hæstaréttar með stefnu 28. maí 1969.

Með sáttargerð á bæjarþingi Reykjavíkur 27. júní 1968 samþykkti Bergur Bjarnason héraðsdómslögmaður f. h. áfrýjanda að greiða stefnda kr. 24.240.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 14.240.00 frá 1. marz til 15. marz 1968 og af kr. 24.240.00 frá þeim tíma til greiðsludags og svo kr. 5.334.00 í málskostnað, allt fyrir 10. ágúst 1968, en fyrir stefnda vegna Jóns L. Arnalds